



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

14. fundur stjórnar 2022-2023 þriðjudaginn 4. apríl 2023  
kl. 13.30 – 14.00 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt: Pétur Henry Petersen formaður, Guðný Björk Eydal, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Ólafur Páll Jónsson.

Á Teams: Grétar Þór Eypórsson og Þóroddur Bjarnason.

Forföll: Engilbert Sigurðsson og Hólmfríður Garðarsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 11. stjórnarfundar frá 7. mars 2023 lögð fram til afgreiðslu.
2. Kjarasamningur.
3. Aðalfundur.
  - a) Skipun þriggja manna kjörnefndar fyrir aðalfund 2023.
  - b) Hlutverk kjörnefndar.
4. Fundur norrænu háskólafélagana. Drög að dagskrá.
5. Bréf sem hafa borist.
6. Önnur mál.

### Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Fundargerð 11. stjórnarfundar frá 7. mars 2023
2. Fundur norrænu háskólafélagana. Drög að dagskrá ásamt kostnaðaráætlun.
3. Beiðni um aðild að FPR. Tölvupóstur dags. 1. mars 2023
4. Ósk um færslu úr FH í FPR. Tölvupóstur dags. 29. mars 2023

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.37.

### 1. Fundargerð 11. Stjórnarfundar frá 7. mars 2023 lögð fram til afgreiðslu.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

### 2. Staðan í kjaraviðræðum.

Formaður fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum og tillögu að samningi.

Formaður sagði frá rammasamningi BHM. Nýjar launatöflur, prósentuhækkun með hámarki. Næsta skref FPR að ganga frá kjarasamningi.

Sameiginlegur fundur var 31. mars með SNR, FPR, FH og FHA sem er í fyrsta sinn sem slíkur fundur er haldinn. Fundurinn gekk vel, Pétur var með kynningu á málefnum félagsins og afhenti tillögu að verkáætlun til skoðunar. Póstur barst síðan í morgun frá SNR þar sem fram kom að þau litu svo á að þessi mál ættu ekki heima í verkáætlun (inn á þeirra borði). Formaður mun hitta Friðrik og Vilhjálmm hjá BHM á morgun til að fara yfir stöðuna með SNR og okkar verkáætlun.

ÓPJ og ISJ komu á fundinn kl. 12.42.

Þegar stjórn hefur undirritað samninginn verður haldinn félagsfundur þar sem samningurinn verður kynntur og síðan munu félagar FPR kjósa um hann.

Kjörstjórn BHM býðst til að sjá um framkvæmd atkvæðgreiðslu þegar kemur að því að kjósa um kjarasamninginn. Til að það sé hægt þurfa aðildarfélög BHM að senda kjörskrá viðkomandi félags til kjörstjórnar BHM. Um er að ræða lista með nöfnum og kennitölum þeirra sem eru með atkvæðisrétt. Til að kjósa fer fólk inn á sérstaka síðu í gegnum Island.is með rafrænum skilríkum. Stjórn samþykkti að það yrði gert. Framkvæmdastjóri sér um að uppfæra félagatalið og senda kjörstjórn BHM kjörskrána þegar hún er tilbúinn.

### 3. Aðalfundur.

#### a) Skipun þriggja manna kjörnefndar fyrir aðalfund 2023.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum félagsins skipar stjórn 3ja manna kjörnefnd sem starfar fram að aðalfundi 2023. Lagt var til að skipa þau Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur og Engilbert Sigurðsson sem munu hætta í stjórn á næsta aðalfundi. Þá kom tillaga um að fá Steinunni Hrafnasdóttur prófessor á Félagsvísindasviði. Tilnefningarnar voru samþykktar.

#### b) Hlutverk kjörnefndar.

Rætt var um að hlutverk kjörnefndar fram að aðalfundi sé að fara yfir þau framboð sem hafa borist. Ef vantar fólk þá vinnur hún að því að fá fulltrúa í þau embætti sem eru laus. Þá þarf að ákveða fyrirkomulag kosninga á aðalfundinum í samráði við stjórn. Kjörnefnd kynnir fyrirkomulagið á aðalfundinum og heldur utan um framkvæmd kosninga í samvinnu við framkvæmdastjóra.

Þá var rætt um nauðsyn þess að útbúa verklagsreglur fyrir kjörnefnd. Ákveðið var að nefndin komi með tillögu að verklagsreglum til stjórnar áður en ný kjörnefnd tekur til starfa eftir aðalfund.

### 4. Fundur norrænu háskolafélagana. Drög að dagskrá.

Drög að dagskrá fundar norrænu háskolafélagana í júní var kynnt ásamt kostnaðaráætlun.

Tilkynna þarf þátttöku til framkvæmdastjóra sem kemur skilaboðum áleiðis til ferðaskrifstofunnar Atlantik sem heldur utan um bókanir.

Rætt var um fundarstjóra á fundinum og kom fram tillaga um aðila. Málið verður skoðað í samráði við skipuleggjendur.

### 5. Bréf sem hafa borist.

#### a) Bréf 1: Beiðni um aðild að FPR.

Tölvupóstur, dags. 1. mars 2023, barst frá lektor við HÍ með ósk um inngöngu í félagið.

Ekki var hægt að verða við þeirri beiðni þar sem félagið er ekki með samningsumboð fyrir viðkomandi. Samkvæmt lögum félagsins geta lektorar og dósentar ekki gengið í félagið nema sem ein heild til að félagið geti sótt um samningsumboð. Formaður: Þarfnast skoðunar, gekk sjálfur í félagið sem einstaklingur fyrir mörgum árum.

#### b) Bréf 2: Ósk um færslu úr FH í FPR.

Tölvupóstur, dags. 29. mars 2023, barst frá rannsóknarprófessor með beiðni um aðild að félaginu en viðkomandi er í FH. Ekki var hægt að verða við þeirri beiðni þar sem félagið er

ekki með samningsumboð fyrir viðkomandi. Þá er starfsheitið rannsóknarprófessor ekki með sömu starfsskyldur og prófessorar og hafa ekki hlotið framgang.

### 6. Önnur mál.

Formaður ræddi um verkefnaíðnað rými og þá umræðu sem hefur verið í gangi innan HÍ. FPR samþykkti ályktun gegn opnun rýmum fyrir ári síðan sem þarf að fylgja því eftir.

Það á eftir að ganga frá stofnanasamningum fyrir háskólana og er sú vinna í gangi.

Fundi slitið kl. 13.44.

Fundarritari: LÞ.